

Sp.

185. Tillaga til þingsályktunar

[94. mál]

um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en í júnimánuði næstkomandi.

Greinargerð.

Á tæpum 5 mánuðum, sem núverandi ríkisstjórn hefur farið með völdin, hefur hún í meginefnum þverbrotið þau fyrirheit, sem stuðningsflokkar hennar gáfu þjóðinni fyrir síðustu alþingiskosningar. Nægir því til sönnunar að minna á þau tvö höfuðstefnumál stjórnarflokkanna að tryggja varanlega lausn efnahagsvandamála þjóðarinnar eftir nýjum leiðum og að segja upp varnarsamningnum í því skyni, að varnarliðið hyrfi úr landi svo skjótt sem ákvæði varnarsamningsins við Bandaríkin heimiluðu.

Án efa hefur verulegur hluti kjósenda frambjóðenda stjórnarflokkanna treyst þessum fyrirheitum og haft áhuga fyrir, að þeim yrði hrundið í framkvæmd, öðru hvoru eða báðum, og beinlínis kosið þessa frambjóðendur af þeim ástæðum.

Fyrir því þykir nauðsyn, að kjósendum gefist nú kostur á að kveða upp dóm sinn að nýju, svo að úr því fáið skorið, hvort þeir vilja fela þeim mönnum að fara áfram með umboð sitt á Alþingi, sem svo herfilega hafa brugðizt gefnum fyrirheitum í þessum meginstefnumálum, sem raunar flestum öðrum loforðum, sem þeir gáfu fyrir síðustu alþingiskosningar.